

**Ed.**

**654. Breytingartillaga**

**[213. mál]**

við frv. til l. um náttúruvernd.

Frá Steinþóri Gestssyni, Sveini Guðmundssyni, Jóni Þorsteinssyni,  
Oddi Andréssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

17. gr. orðist svo:

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.